



Reykjavík, 23. október 2019

Tap TM á þriðja ársfjórðungi nam 251 milljón króna.

Á stjórnarfundi þann 23. október 2019 samþykkti stjórn og forstjóri TM þriðja árshlutauppgjör félagsins fyrir árið 2019. Árshlutareikningurinn var kannaður af endurskoðendum félagsins.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM:

„Tap TM á þriðja ársfjórðungi má að öllu leyti rekja til fjárfestingastarfsemi. Hagnaður varð af váttryggingastarfsemi og samsett hlutfall fjórðungsins 94,9%, en ávöxtun fjárfestingaeigna var hins vegar neikvæð um 1,1%. Það er ánægjulegt að sjá grunnreksturinn batna mikið milli ára og að váttryggingareksturinn sé farinn að skila jákvæðri framlegð. Fjárfestingatekjur eru mjög sveiflukennndar, eins og sést glöggst á því að félagið skilaði sinni bestu fjárfestingaafkomu frá skráningu á öðrum ársfjórðungi þessa árs, en neikvæðri ávöxtun á þeim þriðja.

Með kaupunum á Lykli fjármögnun, sem tilkynnt var um þann 10. október sl., skýtur félagið styrkari stöðum undir grunnrekstur samstæðunnar, áhættudreifing eykst og sveiflur í afkomu verða minni. Félagið áætlar að fyrirvörum um kaup á Lykli verði aflétt í lok ársins eða byrjun þess næsta og Lykill verði hluti af TM samstæðunni í framhaldinu.“

Helstu niðurstöður þriðja ársfjórðungs 2019 voru eftirfarandi:

	3F 2019	3F 2018	Δ	Δ%	9M 2019	9M 2018	Δ	Δ%
Eigin iðgjöld	4.222	4.095	126	3,1%	12.028	11.733	294	2,5%
Fjárfestingatekjur	(337)	238	(575)	-	2.098	1.310	788	60,2%
Aðrar tekjur	7	6	0	5,7%	22	45	(23)	(50,2%)
Heildartekjur	3.891	4.340	(449)	(10,3%)	14.148	13.088	1.060	8,1%
Eigin tjón	(3.369)	(3.255)	(114)	3,5%	(9.779)	(9.990)	212	(2,1%)
Rekstrarkostnaður	(729)	(777)	49	(6,2%)	(2.499)	(2.655)	156	(5,9%)
Fjármagnsgjöld	(65)	(50)	(14)	28,8%	(180)	(141)	(39)	27,7%
Virðisrýrnun fjáreigna	(14)	(12)	(2)	18,0%	(80)	7	(87)	-
Heildargjöld	(4.177)	(4.095)	(82)	2,0%	(12.537)	(12.779)	241	(1,9%)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	(286)	245	(531)	-	1.610	309	1.301	-
Tekjuskattur	34	(38)	72	-	(92)	48	(140)	-
Hagnaður (tap)	(251)	208	(459)	-	1.518	357	1.162	-

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Samsett hlutfall á þriðja ársfjórðungi var 94,9%.

Afkoma TM af váttryggingastarfsemi á þriðja ársfjórðungi 2019 var nokkuð betri en á sama tímabili fyrra árs og samsett hlutfall var 94,9% samanborið við 96,2%. Rekstrarspá félagsins gerði ráð fyrir að samsett hlutfall á tímabilinu yrði 97,9%. Samsett hlutfall TM síðustu 12 mánuði er 99,7% og spár gera ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2019 verði um 99%.

Afkoma af eignatryggingum, ökutækjatryggingum og ábyrgðartryggingum batnar á fjórðungnum samanborið við síðasta ár, en sjúkra- og slysatryggingar og sjótryggingar þróast hins vegar til verri vegar. Eigin iðgjöld vaxa um 3,1% milli ára á meðan eigin tjón hækka um 3,5%. Tap TM á þriðja ársfjórðungi nam 251 m.kr. eftir skatta, samanborið við hagnað upp á 208 m.kr. á sama tímabili 2018, og framlegð af váttryggingastarfsemi var jákvæð um 217 m.kr.

Kostnaðarhlutfall félagsins á þriðja ársfjórðungi var 15,1% samanborið við 16,7% á sama tímabili 2018. Kostnaðarhlutfall síðustu 12 mánuði er 18,7% og gert er ráð fyrir að kostnaðarhlutfall næstu 12 mánuði verði um 18%.

Tap af fjárfestingum á fjórðungnum.

Tap af fjárfestingum nam 337 m.kr. á þriðja ársfjórðungi sem jafngildir 1,1% neikvæðri ávöxtun. Tap af fjárfestingum er heldur meira en tilkynnt var með afkomuviðvörðun að morgni 30. september sl., en þá var áætlað að tapið myndi nema 225-275 m.kr. Meira tap skýrist hvoru tveggja af lækkunum á markaði þann 30. september og óbeinu tapi í gegnum sjóði vegna vandræða Gamma Novus.

Þessi slaki fjórðungur í fjárfestingum er fyrst og fremst tilkominn vegna niðurfærslu á fasteignasjóðnum Gamma Novus um 311 m.kr. og vegna taps af skráðum hlutabréfum. Þannig var ávöxtun skráðra hlutabréfa neikvæð um 5,6% á tímabilinu en til samanburðar lækkaði hlutabréfavísitala Gamma um 5,7% á sama tíma.

Fjárfestingatekjur á fyrstu níu mánuðum ársins nema 2.098 m.kr. sem jafngildir 7,2% ávöxtun fjárfestingaeigna. Spá fyrir fjórða ársfjórðung gerir ráð fyrir að fjárfestingatekjur nemi 389 m.kr. og að árið 2019 endi þá í 2.487 m.kr. sem jafngildir 8,5% ávöxtun. Spá fyrir fjárfestingatekjur á fjórða ársfjórðungi hefur lækkað frá fyrri spá og skýrist það bæði af þróun innlendra verðbréfamarkaða það sem af er fjórðungnum en einnig af varfærni varðandi þróun ávöxtunar annarra eigna.

Lykiltölur þriðja ársfjórðungs 2019 voru eftirfarandi:

	3F 2019	3F 2018	9M 2019	9M 2018
Hagnaður á hlut (kr.)	(0,37)	0,31	2,24	0,53
Arðsemi eigin fjár (m.v. 12m)	(6,9%)	6,6%	15,1%	3,6%
Eiginfjárlutfall	35,6%	35,0%	35,6%	35,0%
Handbært fé frá rekstri	633	645	2.478	1.290
Váttryggingastarfssemi				
Tjónshlutfall	79,8%	79,5%	81,3%	85,1%
Kostnaðarhlutfall	15,1%	16,7%	18,2%	19,9%
Samsett hlutfall	94,9%	96,2%	99,5%	105,1%
Rekstrarafkoma	347	309	541	(18)
Framlegð	217	157	57	(596)
Fjárfestingar				
Ávöxtun fjáreigna	(1,1%)	0,8%	7,2%	4,7%

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Rekstrarspá.

Rekstrarspá félagsins gerir ráð fyrir að hagnaður ársins fyrir tekjuskatt verði 1.948 m.kr. og samsett hlutfall verði um 99%. Næstu fjóra fjórðunga gerir spáin ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 96%, framlegð váttrygginga 631 m.kr. og ávöxtun fjáreigna 6,6%.

	4F 2019	1F 2020	2F 2020	3F 2020	Samtals	S 2019	2018	Δ	Δ%
Eigin iðgjöld	4.034	4.076	4.242	4.458	16.811	16.062	15.648	414	3%
Fjárfestingar og aðrar tekjur	396	519	669	515	2.100	2.517	1.868	649	35%
Heildartekjur	4.431	4.595	4.912	4.974	18.911	18.578	17.516	1.062	6%
Eigin tjón	(3.135)	(3.455)	(3.219)	(3.297)	(13.106)	(12.914)	(13.136)	222	(2%)
Rekstur og annar kostnaður	(966)	(936)	(953)	(897)	(3.751)	(3.716)	(3.680)	(37)	1%
Heildargjöld	(4.101)	(4.391)	(4.171)	(4.194)	(16.857)	(16.630)	(16.816)	186	(1%)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	329	204	740	780	2.054	1.948	700	1.248	178%

	4F 2019	1F 2020	2F 2020	3F 2020	Samtals	S 2019	2018
Váttryggingastarfssemi							
Tjónshlutfall	78%	85%	76%	74%	78%	80%	84%
Kostnaðarhlutfall	19%	16%	19%	16%	18%	18%	20%
Samsett hlutfall	97%	104%	94%	90%	96%	99%	104%
Framlegð	115	(149)	233	432	631	171	(609)
Fjárfestingar							
Ávöxtun fjáreigna	1,2%	1,6%	2,1%	1,5%	6,6%	8,5%	6,6%

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Kynningarfundur kl. 16:15 miðvikudaginn 23. október.

TM býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi þann 23. október kl. 16:15. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum TM að Síðumúla 24, 4. hæð. Þar kynnis Sigurður Viðarsson forstjóri uppgjörð og svarar spurningum.

Árshlutareikning og afkomutilkynningu verður hægt að nálgast á vef félagsins, TM.is. Kynning á uppgjörinu verður einnig aðgengileg á sama stað við upphaf kynningarfundar. Hægt er að fylgjast með fundinum í gegnum vefinn á slóðinni:

TM.is/fjarfestar

Fjárhagsdagatal 2019.

4. ársfjórðungur: 13. febrúar 2020.

Aðalfundur 2020: 12. mars 2020.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Viðarsson, forstjóri TM.

s: 515-2609.

sigurdur@tm.is.